

SAMÞYKKT

um stjórn Dalvíkurbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn er skipuð níu bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa Dalvíkurbyggðar.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa Dalvíkurbyggðar sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga sveitarfélagsins skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og VI. kafla samþykktar þessarar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða bæjarstjóra og helstu starfsmenn sveitarfélagsins skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

7. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir aðalsjóð, fyrirtæki sveitarfélagsins og stofnanir fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn, sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæðu fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga sveitarfélagsins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna aðalsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu aðalsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

8. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 7. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr aðalsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun hafi forsendur fyrir henni breyst. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingar-tillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætlun.

10. gr.

Til viðbótar fjárhagsáætlun skv. 7. gr., sbr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga, skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins og skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar skv. 7. gr. Áætlunina skal endurskoða árlega í framhaldi af afgreiðslu fjárhagsáætlunar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár, sbr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga.

11. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprilmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga aðalsjóðs, stofnana og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum áritað af bæjarstjórn og bæjarstjóra skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í mánuði. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafundi í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn eða hreppsnefnd kveður hana til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar og stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundu og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta bæjarstjórnar, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningu eða ráðningu bæjarstjóra og annarra helstu starfsmanna sveitarfélagsins, sbr. VI. kafla samþykktar þessarar.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins ef eða að svo miklu leyti sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Sá bæjarfulltrúi sem fer með verkefni skv. 13. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs í senn.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Meðan ákvæðum 1. mgr. er ekki fullnægt skal bæjarstjórn sjá til þess að fatlað fólk fái nauðsynlega aðstoð æski það að hlýða á bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans án umræðu til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnar-

fundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Skjóta má ákvörðun forseta án umræðu til úrlausnar bæjarstjórnar.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund samkvæmt ákvæðum 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundum bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveði sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum.

26. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

27. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmanni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

28. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarskög. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

29. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef bæjarfulltrúi óskar þess og bæjarstjórn samþykkir.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað, sbr. 40. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra sem tillögur hafa komið fram um skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar, sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerðar í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær hann er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundar skal fundargerð prentuð út og lesin og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi, sbr. 4. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar, skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund, sbr. 3. mgr. 15. gr.

37. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils, sbr. 34. gr. sveitarstjórnarlaga. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Bæjarfulltrúa ber, sbr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórn fjallar um málið. Ákvæði þetta á þó ekki við um bæjarstjóra.

Ákvæði 3. mgr. á ekki við þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr aðalsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Bæjarfulltrúi sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/fundi tímabundið skal hlutast til um að varamaður verði boðaður, sbr. 1. mgr. 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem bæjarfulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila sem sæti á í bæjarstjórn kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar og 38. gr. sveitarstjórnarlaga.

50. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund vikulega. Bæjarstjórn ákveður fundartíma bæjarráðs í upphafi kjörtímabils. Aukafund skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilkynnt í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsfulltrúi óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, fjármálastjórn og starfsmannastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun aðalsjóðs og fyrirtækja sveitarfélagsins að fengnum tillögum hlutadeigandi stjórna, sviðsstjóra og forstöðumanna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar aðalsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana sveitarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Undir bæjarráð heyra málefni sem ekki eru með lögum eða samkvæmt sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar falin einstökum nefndum/ráðum í samþykkt þessari.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag

aðalsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

55. gr.

Bæjarstjóri boðar nefndir, ráð og stjórnir saman til fyrsta fundar eftir að þær hafa verið kjörnar eða ákveður hver annist fundarboðun nema bæjarstjórn hafi kosið formann sérstaklega. Ákveður þá formaðurinn boðun til fyrsta fundar.

Bæjarstjóri getur kallað saman tvær eða fleiri nefndir til að ræða mál er varða starfssvið fleiri nefnda en einnar.

56. gr.

Nefndarmanni/ráðsfulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd/ráði forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni/ráðinu. Þegar aðalmaður í nefnd/ráði flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Fundir í ráðum og nefndum skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd/ráð getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd/ráð boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar/ráðs stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd/ráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar/ráðs skal færa fundargerð í gerðabók. Nefndin/ráðið getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar/ráðs. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Ef um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni er heimilt að bóka afgreiðslu slíkra mála í sérstaka trúnaðarbók. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn/ráðsfulltrúar undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum/ráðsfundi.

Alyktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld utan ramma fjárhags-áætlunar skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- A. **Nefndir/ráð/stjórnir.** Hér er um að ræða fagnefndir sem sinna faglegu starfi þeirra málaflokka sem þeim hefur verið falið af bæjarstjórn með erindisbréfum.

Til eins árs:

1. *Bæjarráð.* Bæjarstjórn kýs þrjú bæjarfulltrúa og þrjú til vara í bæjarráð skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir í bæjarráð. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð fyrst á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Kveðið er á um verkefni bæjarráðs í 53. gr. samþykktar þessarar en auk þeirra verkefna sem þar er kveðið á um hefur bæjarráð með höndum atvinnu-, ferða-, markaðs- og kynningarmál.

Til fjögurra ára:

Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í eftirfarandi ráð sem kosin eru á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs ráðunum formann og varaformann:

- I. **Fjármála- og stjórnsýslusvið.**

Íþrótt-, æskulýðs- og menningarráð fer með íþrótt- og æskulýðsmál, menningarmál, málefni safna og húsfriðunarmál samkvæmt lögum og reglugerðum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.

- II. **Fræðslusvið.**

Fræðsluráð fer með verkefni leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla samkvæmt lögum og reglugerðum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.

- III. **Félagsmálasvið.**

Félagsmálaráð fer með málefni er varða barnavernd og málefni barna og ungmenna, ættleiðingar, félagsþjónustu sveitarfélaga, jafnréttismál, húsaleigubætur, húsnæðismál, áfengismál og vímuvarnir, vinnumarkaðsaðgerðir sveitarfélagsins, málefni aldraðra, félagslegan þátt heimaþjónustu, þjónustuhóp aldraðra og málefni fatlaðra samkvæmt lögum og reglugerðum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.

- IV. **Umhverfis- og tæknisvið.**

1. *Umhverfisráð* fer með byggingarmál, skipulagsmál, brunavarnir og brunamál, almannavarnir, umferðarmál, umhverfismál, gróður- og náttúruverndarmál og veitumál samkvæmt lögum og reglugerðum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.

2. *Landbúnaðarráð* fer með stjórn og eftirlit með gæludýra- og búfjárhaldi, framkvæmd fjallskila, afréttarmál, hagagöngu, forðagæslu, eyðingu refa, minka og vargfugls og sjúkdómavarnir ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi. Ráðið gerir tillögu til bæjarstjórnar um ráðningu búfjäreftirlitsmanna skv. 9. gr. laga nr. 46/1991.

- V. **Yfirkjörstjórn.** Bæjarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn til eins árs vegna kosninga til Alþingis skv. 10. gr. laga nr. 24/2000. Yfirkjörstjórn skal einnig sjá um kosningar til sveitarstjórnar skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þá kýs bæjarstjórn þrjá menn og þrjá til vara í undirkjörstjórnir sem skulu vera jafnmargar og kjördeildir í sveitarfélaginu. Heimilt er að kjósa þær síðar.
- B. **Stjórnir og samstarfsráð.** Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.
1. *Kjaranefnd.* Í júní ár hvert kýs bæjarstjórn tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara í sameiginlega kjaranefnd Dalvíkurbyggðar og Starfsmannafélags Dalvíkurbæjar.
 2. *Starfsmatsnefnd.* Einn fulltrúi og annar til vara í sameiginlega starfsmatsnefnd Dalvíkurbyggðar og Ólafsfjarðarbæjar og starfsmannafélaga sömu bæja.
 3. *Fulltrúaráð Sparisjóðs Svarfdæla.* Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Sparisjóðs Svarfdæla samkvæmt samþykktum hans eins og þær eru hverju sinni.
 4. *Stjórn Hafnasamlags Eyjafjarðar.* Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í stjórn Hafnasamlags Eyjafjarðar samkvæmt samþykktum þess eins og þær eru hverju sinni.
 5. *Héraðsnefnd Eyjafjarðar.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn í héraðsnefnd Eyjafjarðar samkvæmt samþykktum nefndarinnar eins og þær eru hverju sinni.
 6. *Stjórn Dalbæjar.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn í stjórn Dalbæjar samkvæmt samþykktum stofnunarinnar eins og þær eru hverju sinni.
 7. *Hússtjórn Rima.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa sem skal vera formaður hússtjórnar og einn til vara til fjögurra ára í senn í stjórn húsfélags Rima samkvæmt samþykktum félagsins eins og þær eru hverju sinni.
- C. **Tilnefningar og kosningar.** Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana sem sveitarfélagið á aðild að. Kosning skal fara fram á fyrsta og/eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda í eitt ár.
1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
 2. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Bæjarstjórn kýs einn aðalfulltrúa og einn til vara í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands. Fulltrúi sveitarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
 3. *Eyþing.* Bæjarstjórn kýs þrjá aðalfulltrúa og jafnmarga til vara á aðalfund Eyþings samkvæmt samþykktum þess hverju sinni. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
- D. **Lögbundin kosning embættismanna.** Samkvæmt lögum ber bæjarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn:
1. *Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga.* Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar skal kjósa tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara til loka kjörtímabils bæjarstjórnar. Skoðunar-

menn skulu hafa kosningarétt og kjörgengi í sveitarfélaginu. Aðal- og varamenn í bæjarstjórn og starfsmenn sveitarfélagsins eru eigi kjörgengir sem skoðunarmenn.

2. *Búffjäreftirlitsmenn.* Bæjarstjórn ræður að afloknum kosningum búffjäreftirlitsmenn til fjögurra ára samkvæmt tillögu landbúnaðarnefndar. Til starfsins skal velja menn með haldgóða reynslu og þekkingu í fôðrun og meðferð búfjár.
- E. **Verkefnabundnar nefndir.** Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda stendur til loka kjörtímabils eða þar til verkefni hennar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkalla umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

63. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

64. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda, sbr. 14. gr. samþykktar þessarar.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum ráða/nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi aðalsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar hans.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Fjármála- og stjórnáslustjóri gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli öðrum.

65. gr.

Bæjarstjórn ræður eftirfarandi sviðsstjóra og veitir þeim lausn frá störfum:

1. Fjármála- og stjórnáslustjóri er skrifstofustjóri bæjarskrifstofu og yfirmaður fjármála-sviðs. Hann er einnig ritari bæjarstjórnar.
2. Skólamálafulltrúi er yfirmaður fræðslusviðs, sbr. II. lið 62. gr.
3. Félagsmálastjóri er yfirmaður félagsmálasviðs, sbr. III. lið 62. gr.
4. Bæjartæknifræðingur er yfirmaður umhverfis- og tæknisviðs, sbr. 1. tölul. VI. liðar 62. gr.

Sviðsstjórar sitja fundi sinna fagráða með málfrelsi og tillögurétt. Ef þess er óskað ber sviðsstjórum að víkja af fundi við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans.

Bæjarstjórn ræður yfirmenn deilda, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Forstöðumenn ráða starfsmenn sinna stofnana, bæði fasta og lausráðna, og veita þeim lausn frá störfum nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Auk ákvæða 1.–4. tölul. 1. mgr. gilda ákvæði 66. gr. um ráðningu stjórnenda.

66. gr.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar.

Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skulu gilda um ráðningar í stöður hjá sveitarfélaginu.

67. gr.

Fastráðnir starfsmenn sveitarfélagsins skulu ráðnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. er kveðið á um ráðningartíma og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

68. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 25. maí 2002. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Dalvíkurbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 593/1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. apríl 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.